

Fiskeldi Austfjarða hf. (áður ehf.)  
Strandgötu 18  
735 Eskifirði

Egilsstaðir, 26.10.2023  
UST202301-433/F.Æ.  
08.12.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 19.9.2023 - Fiskeldi Austfjarða hf., Berufirði**

Þann 19. september sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða hf., Berufirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### **Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.**

#### **Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:**

1. Allir útreikningar útstreymisbókhalds skulu fylgja með skilum til Umhverfisstofnunar til að unnt sé að sannreyna þá.
2. Endurskoðuðum umhverfismarkmiðum skal skila til eftirlitsaðila á a.m.k. fjögurra ára fresti.
3. Í hvert sinn sem vöktunaráætlun er endurskoðuð skal senda hana til Umhverfisstofnunar til samþykktar.
4. Öryggisblöð skulu vera tiltæk þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð.

#### **Þrjú frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Umhverfisupplýsingum var ekki skilað á tilskildum tíma.  
*Umhverfisupplýsingum var skilað þann 2. maí sl. og er frávikinu því lokað.*
2. Gr. 3.13 í starfsleyfi. Geymsla efna á lager rekstraraðila er ófullnægjandi. Efni skal geyma á þann hátt að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið.
3. Gr. 3.13 í starfsleyfi. Öryggisblöð voru ekki til staðar í efnageymslu.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16. nóvember 2023.**

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir  
teymisstjóri